

# HAFNARSTRÆTI 18 Í REYKJAVÍK

## FRAMKVÆMDARANNSÓKN



Lilja Björk Pálsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2019

FS743-18491



# Grunnupplýsingar

**Rannsóknarnúmer**

201812-0026

**Þjóðminjasafnsnúmer**

2018-91

## Númer fornleifa úr skráningarskýrslu

Reykjavík 181285-5-281, 181285-5-282, 181285-5-283. Anna Lísa Guðmundsdóttir. 2017.

Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning. Skýrsla nr. 178. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

## Stutt lýsing rannsóknar

Framkvæmdaeftirlit og fullnaðaruppgröftur vegna endurbýggingar verslunarhúsa frá 18. öld.

## Staðsetning

Hafnarstræti 18, 101 Reykjavík

## GPS hnit

A: 357083 N: 408322

## Rannsóknartími

18.- 21.12.2018 og 04.01.-14.02.2019

## Leyfishafi

Lilja Björk Pálsdóttir


## Fjöldi starfsmanna

12

## Forsíðumynd

Leirker HAF2019-91-0091, stétt [1581], þröskuldur [1584], hola með timburfjöllum [1326]

## Staðsetningarkort



Kort fengið hjá Landmælingum Íslands

Rannsóknarsvæðið er í miðbæ Reykjavíkur.

## Table of Contents

<b>GRUNNUPPLÝSINGAR.....</b>	<b>1</b>
<b>STAÐSETNINGARKORT.....</b>	<b>2</b>
<b>ÚTDRÁTTUR.....</b>	<b>5</b>
LYKILORÐ.....	5
<b>ABSTRACT .....</b>	<b>5</b>
KEYWORDS .....	5
<b>INNGANGUR .....</b>	<b>6</b>
<b>MARKMIÐ .....</b>	<b>8</b>
<b>AÐFERÐAFRÆÐI .....</b>	<b>8</b>
MANNVISTARLÖG .....	8
GRIPIR .....	9
JARÐVEGSSÝNI.....	9
LJÓSMYNDIR .....	9
<b>MINJAR.....</b>	<b>11</b>
BYGGINGA- OG NOTKUNARSTIG EITT, YNGSTA STIG.....	13
<i>1380</i> .....	13
BYGGINGA- OG NOTKUNARSTIG TVÖ.....	15
BYGGINGA- OG NOTKUNARSTIG PRJÚ .....	17
<i>Hús 1345</i> .....	18
BYGGINGA – OG NOTKUNARSTIG FJÖGUR , ELSTA STIG .....	20
<b>GRIPIR.....</b>	<b>21</b>
BEIN .....	22
TEXTÍLL.....	22
SKINN.....	22
GLER .....	22
MÁLMUR .....	23
<i>Járn</i> .....	23
<i>Koparblanda</i> .....	23
STEINAR .....	23
PLAST.....	24
LEIR.....	24
<i>Tóbakspípa</i> .....	24
<i>Ílát</i> .....	24
<i>Múrsteinar</i> .....	26
<i>Byggingaefni</i> .....	26
<b>LOKAORÐ.....</b>	<b>27</b>
<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>27</b>

<b>VIÐAUKAR .....</b>	<b>28</b>
I EININGASKRÁ.....	28
II SÝNASKRÁ.....	31
III GRIPASKRÁ.....	31
IV LJÓSMYNDASKRÁ.....	41
V JARÐLAGAFLÆÐIRIT .....	60

# Útdráttur

Til stendur að endurgera hús á lóðinni sem voru reist á síðari hluta 18. aldar. Um leið á að gera kjallara undir húsunum með tilheyrandi jarðvegsraski. Fór Minjastofnun Íslands fram á að fram færí framkvæmdaeftirlit með niðurrifi húsanna og í framhaldi af því fullnaðarrannsókn á minjum sem komu í ljós undir þessum húsum<sup>1</sup>. Framkvæmdaraðili fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að annast rannsóknina.

Mikið rót og rask hefur verið á lóðinni í gegnum tíðina, meðal annars með gerð kjallara undir austurhluta húsalengjunnar sem endurbyggja á nú frá grunni. Líklegt er að hafi verið fornleifar þar undir húsinu, hafi þær glatast við kjallaraframkvæmdina. Þá eru heimildir um ýmis bakhús og kofa í gegnum tíðina, sem búið var að fjarlægja þegar framkvæmdaeftirlit hófst. Við rannsóknina komu í ljós alls fjögur notkunar- eða byggingarstig á svæðinu. Tvö yngri stigin tengjast verslunarhúsunum og breytingum á þeim, svo sem viðbótum og endurgerð við geymsluhúsnæði. Tvö eldri stig fylgja notkun á svæðinu áður en pakkhúsið reis árið 1799.

## Lykilorð

18. öld, 19. öld, Reykjavík, verslunarsaga, fornleifar, framkvæmdarannsókn

## Abstract

Within the research area, a house from the last years of the 18th century is being renovated. As a part of this process, a cellar was to be excavated beneath the current footprint, with the inevitable disturbance of underlying deposits. The Cultural Heritage Agency (Minjastofnun Íslands) applied a requirement that the demolition of the standing structures was monitored, and if archaeological deposits were encountered, they were to be fully excavated. The Institute of Archaeology (Fornleifastofnun Íslands) was contracted to carry out this work.

There had already been much disturbance on site, not least beneath the eastern part of the buildings, where a previous cellar stood. This is likely to have destroyed archaeological deposits. Documentary evidence exists for a variety of ancillary buildings, no longer extant when work commenced. Excavation revealed in all 4 phases of construction/use. The 2 younger phases are connected to the use of the site for commerce/storage. The 2 older phases are associated with activity prior to the construction of a warehouse in 1799.

## Keywords

18<sup>th</sup> Century, 19<sup>th</sup> Century, Reykjavík, Trade History, Archaeology, Development led Excavation

---

<sup>1</sup> Ályktanir Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda á lóð Hafnarstrætis 18. Þann 4. janúar 2017 (0099/201701-0002), 18. janúar 2017 (0099/201701-0074), Þann 29. nóvember 2017 (0099/201709-0069), þann 15. febrúar 2018 (MÍ201801-0101/6.06/0099)

# Inngangur

Á lóðinni Hafnarstæti 18 í Reykjavík vinna Suðurhús ehf. að endurbyggingu verslunarhúsa frá 18. öld. Til stendur að hafa kjallara undir húsunum sem til stendur að láta líta út eins og þau gerðu eftir endurbyggingu árið 1924. Minjastofnun Íslands fór fram á að fornleifarannsókn yrði gerð á lóðinni áður en að til jarðrasks kæmi<sup>2</sup> og fékk framkvæmdaraðili Fornleifastofnun Íslands ses til að sjá um rannsóknina.

Árið 1795 var lóðin Hafnarstræti 18 mæld út sem verslunarhlöð og sama ár var fyrsta verslunarhúsið þar reist. Húsið hafði áður staðið í Keflavík en eigandi þess, kaupmaðurinn Chr. A. Jacobæus, stóð fyrir flutningunum. Næstu árin bættust við pakkhus og ýmsar geymslur auk íbúðarhúss nokkru síðar. Stærð lóðarinna tók nokkrum breytingum í gegnum tíðina.<sup>3</sup> Bætt var við lóðina og lóðarhlutar seldir með byggingum sem á þeim stóðu. Staðsetning verslunarhúsanna var ákjósanleg þar sem þau stóðu á sjávarkambinum og þar fyrir neðan höfðu kaupmenn bryggjur þar sem verslunarvarningi var skipað upp. Til eru ritheimildir og upprættir sem sýna þróun byggðar í Kvossini allt frá 1787. Á þeim má sjá hvernig bættist í húsakost á lóðinni á þessum mikla umbreytingartíma í Reykjavík.

## Kol og salt

Rannsóknin hófst með framkvæmdaeftirliti við niðurrit hússins í desember og fljótlega sáust ummerki um ýmis mannvirki á svæðinu. Minjastofnun Íslands fór fram á að þær minjar sem í ljós komu undir verslunarhúsum og til hliðar við þau yrðu rannsakaðar með uppgrefti. Sá upprættur hófst í janúar 2019. Ýmsar mannvirkjaleifar komu fram og voru þær mældar upp og rannsakaðar með uppgrefti. Heillegastu minjarnar voru grunnar af verslunar- og pakkhusi og salt- og/eða kolageymslu. Að auki komu í ljós leifar annarra mannvirkja sem ekki sjást á upprættum sem til eru af lóðinni og húsum á henni en þessar minjar eru brotkenndari. Alls voru sex hús og húsaleifar rannsokuð auk mannvistarlagra þeim tengd. Fjölbreyttir gripir og dýrabein (matarleifar) fundust við rannsóknina s.s.

Fornleifaskráning var unnin á lóðinni af Borgarsögusafni Reykjavíkur<sup>4</sup> og húsakönnun af Minjasafni Reykjavíkur<sup>5</sup> en að öðru leyti höfðu ekki farið fram fornleifarannsóknir á lóðinni fyrr en nú.

Helstu markmið þessarar rannsóknar voru að kanna hlutverk og eðli þeirra mannvirkja sem komu í ljós undir hinum þekktu verslunarhúsum og tengsl þeirra við þekkt mannvirki á svæðinu. Samkvæmt upprættum og ritheimildum voru engar byggingar á þessum reit fyrr en verslunarhúsið var flutt þangað árið 1795. Það var því fljótlega ljóst þegar eldri hleðslur fundust að þarna væru minjar frá upphafi þéttbýlismyndunar í Reykjavík á 18. öld og staðfestu aldursgreiningar forngrípa það. Minjarnar eru einkar áhugaverðar sér í lagi fyrir verslunarsögu Reykjavíkur og þróun hennar.

Rannsóknin var fjármögnuð af framkvæmdaraðila, Suðurhúsi ehf.

<sup>2</sup> Ályktanir Minjastofnunar Íslands vegna framkvæmda á lóð Hafnarstrætis 18. Þann 4. janúar 2017 (0099/201701-0002), 18. janúar 2017 (0099/201701-0074), Þann 29. nóvember 2017 (0099/201709-0069), þann 15. febrúar 2018 (MÍ201801-0101/6.06/0099)

<sup>3</sup> Klemens Jónsson, bls. 252

<sup>4</sup> Anna Lísa Guðmundsdóttir. 2017

<sup>5</sup> Helga M. Gylfadóttir og Guðný G. Gunnarsdóttir. 2006.

Rannsóknin skiptist í two hluta, sá fyrri var framkvæmdaeftirlit meðan á niðurrifi verslunarhúsanna stóð, enda séu "[m]jiklar líkur [...] taldar á að leifar eldri mannvirkja og mannvistar leynist undir Hafnarstæti 18."<sup>6</sup> Það eftirlit hófst 18.desember 2018 og stóð til 21.desember 2018. Uppgröftur á þeim minjum sem komu í ljós við eftirlitið hófst svo þann 4. janúar 2019 og lauk 14. febrúar 2019. Þeir fornleifafræðingar sem að rannsókninni komu eru: Gylfi Helgason, Lilja Björk Pálsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hulda B. Guðmundsdóttir, Jakob Orri Jónsson, Stefán Ólafsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Grace C. Cecario, Hildur Gestsdóttir, Lísbet Guðmundsdóttir, Howell M. Roberts og Gavin M. Lucas greindi leirker og gler. Uppgraftarstjóri var Lilja Björk Pálsdóttir en verkefnisstjóri var Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

---

<sup>6</sup> Bréf MÍ nr. 0099/201701-0002

# Markmið

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hlutverk og eðli þeirra mannvirkja sem í ljós komu undir þekktum húsum frá síðari hluta 18. aldar á lóðinni Hafnarstræti 18.

## Aðferðafræði

Við niðurrit húsanna var notuð beltagrafa til að brjóta upp steyptar gólfplötur og undirlag en þegar grafa þurfti möl og sand frá minjunum var fengin lítil grafa. Sú var svo einnig notuð til að fjarlægja steinhlaðna grunna verslunarhúsanna og malarfyllingu í þeim sem lá ofan á eldri minjum, eftir að minjarnar höfðu verið mældar upp og ljósmyndaðar. Að öðru leyti voru minjarnar grafnar upp með handaflí.

Til stóð að notast við alstöð (Trimble S6 Total station theodolite) við uppmælingar og var hún notuð í upphafi rannsóknar. Hinsvegar breyttust forsendur til að notast við alstöðina vegna veðurs er reisa þurfti tvö aðskilin hlífðartjöld á rannsóknarsvæðinu og þar með var ekki mögulegt að nota þá aðferð við uppmælingu mannvistarlag. Öll mannvistarlag voru handteiknuð í 1:20 (snið í 1:10) og hæð yfir sjávarmáli mæld með hæðarmæli. Aðskilin hnítakerfi voru sett upp í tjöldunum og við uppgraftarlok voru þau mæld inn með alstöð í ISN93 og gögnin öll sameinuð í Qgis LUK.

Ljósmyndir voru teknar reglulega á meðan á uppgrefti stóð, bæði yfirlitsmyndir en einnig af einstaka mannvistarögum eftir þörfum. Þá voru teknar loftmyndir með flygildi.

Gripum sem var safnað við rannsóknina voru hreinsaðir, mældir og vigtaðir og eftir þörfum ljósmyndaðir. Stefna varðandi grisjun var sú að í röskuðum mannvistarögum voru tekin sýnishorn sem endurspeglar bað sem þar var að finna s.s, af leirkerum, múnsteinum og öðru því sem kom í ljós. Hinsvegar var öllum gripum sem fundust *in situ* í óröskuðum jarðögum safnað og þeim gefið fundanúmer sem tengist því mannvistarlagi sem þeir fundust í.

Sérfræðingur í gjóskulagagreiningum var fenginn á staðinn á meðan á uppgrefti stóð til að taka sýni og greina gjóskulög.

Tekin voru sýni til skordýragreininga úr gólfögum og öðrum minna röskuðum mannvistarögum til fleytinga. Ekki þótti tilsvaranlegt að taka sýni úr malarögum sem voru mörg hver mikið röskuð.

Þá var huti jarðvegs þurrsigtaður á staðnum en notast var við möskvastærðina 4 mm.

## Mannvistarlag

Uppgröftur og skráning mannvistarlag fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands<sup>7</sup>. Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðög og

<sup>7</sup> Lucas, Gavin. 2003. Archaeological field manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

mannvirki sem hafa verið grafin upp í Hafnarstræti 18. Á meðan á uppgrefri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðiriti (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn(Harrismatrixcomposer.com).

## Gripir

Gripir sem finnast við uppröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið<sup>8</sup>

## Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

## Ljósmyndir

Ljósmyndir eru teknar til að lýsa eða draga fram ákveðna hluti í vettvangsvinnu. Þær geta þannig sýnt til að mynda nærmeynd af hluta mannvirkis eða víðari mynd, loftmynd tekna með flygildi til að fá fram heildarmynd af rannsóknarsvæði.


---

<sup>8</sup> Lucas, Gavin. 2003. Archaeological Field Manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík



Mynd 1 Loftmynd af Hafnarstræti 18 tekin með flygildi. Norður er upp. Á henni sjást grjótundirstöður pakkhúss [1399], eldra húss [383], og beggja kolageymslanna [1397] og [1377].

# Minjar



Kort 1 Allar mannvistarleifar sem grafnar voru fram í Hafnarstræti 18 í einu korti.

Rannsóknarsvæðið takmarkast af lóðinni í Hafnarstræti 18. sem áður var sjávargata nyrst í Reykjavík. Nú er Hafnarstræti spöl frá sjó og mikil byggð risin á landuppfyllingu þar norðan við. Þegar byggt var þarna á 18. öld stóðu húsin fremst á sjávarkambinum. Kort og uppdrættir af svæðinu sýna ekki nema hluta þeirra húsa sem komu í ljós við fornleifarannsóknina en af þeim má ráða að engin hús hafi verið á reitnum fyrr en með tilkomu verslunarhússins frá Keflavík 1795.<sup>9</sup> Á 20.öld var mikið jarðrask á austari hluta lóðarinnar með þeim afleiðingum að engar minjar varðveittust á þeim hluta svæðisins. Rannsóknin fór því eingöngu fram á vestari hluta lóðarinnar. Timburhús, líkt og þau sem stóðu í Hafnarstræti 18, voru fyrst reist í Reykjavík þegar Innréttингarnar voru stofnaðar miðja 18. öld.<sup>10</sup> Þetta voru grindahús sem voru reist ofan á undirstöður úr grjóti og var fyllt í grunnana með möl. Oft var múnsteinum hlaðið í veggina og voru þeir þá bundnir með kalkmúr eða leirmúr. Járnnaglar voru ekki mikið notaðir, en því þá heldur viðarnaglar<sup>11</sup>

Minjunum sem fundust við rannsóknina var skipt í fjögur byggingar-og notkunarstig:

<sup>9</sup> Guðmundur Ingólfsson ofl. Kvosin, bls. 122.

<sup>10</sup> Guðmundur Ingólfsson ofl. Kvosin, bls. 271.

<sup>11</sup> Guðmundur Ingólfsson ofl. Kvosin, bls. 272.




**Mynd 2. Hafnarstræti 18, malarfylling í grunnum verslunarhúsa og kolageymslu. Norður er upp. Hægra megin fyrir miðju sést hvar grjóthleðsla eldri kolageymslu er að koma í ljós undan mölinni.**

Byggingar-og notkunarstig	Minjar		Tímabil
4	Torfhús, elstu minjar		18. öld
3	Torfhús		18. öld
2	Verslunarhús, pakkhús, eldri kolageymsla, gryfja og stétt		1795-1867
1	Verslunarhús, pakkhús og yngri kolageymsla	Ritaðar heimildir, kort, gerðfræði forngrípa	1795-2019

**Tafla 1 Hafnarstræti 18, byggingar- og notkunarstig**

Hér að aftan verður minjum sem í ljós komu lýst eftir byggingar- og notkunarstigum og verður byrjað á því yngsta, stigi eitt.

## Bygginga-og notkunarstig eitt, yngsta stig



Kort 2 Hafnarstræti 18, fyrsta og yngsta byggingarstig, 1795-2019

### Mannvirki: Verslunarhús [1400], pakkhus [1399] og kolageymsla [1377]

1380

Yngstu minjarnar á lóðinni eru af tveimur húsum sem voru sameinuð í eitt [1380] árið 1852.<sup>12</sup> Þetta eru verslunarhús [1400] sem var flutt á lóðina árið 1795 og pakkhus [1399] sem var reist 1799 (alls 67 fermetrar af rannsökuðu svæði). Kolageymsla [1377] var sameinuð þessum tveimur árið 1867 (alls 56 fm). Þetta eru að grunni til þau hús sem voru rifin í desember 2019. Undirstöður húsanna [1400, 1399 og 1377] voru hlaðnar með holtagrjóti, ótilhöggnu, en sléttasta hlið þeirra sneri út. Fyrir hleðslugrjótinu var grafið [338, 1349] niður í malarkambinn og auk þess fyllt upp í grunninn með sjávarmölinni [1393, 880]. Niðurgröfturinn [338] fyrir undirstöðunum var ekki vel sýnilegur þar sem grafið hafði verið í gegnum eldri mannvistarlög [t.d. 1398]. Skurðurinn var augljós á suðurhluta svæðisins, sjá byggingarstig þrjú, en óljósari norðanmegin þar sem einungis var að finna malarlög [1392] sem voru laus í sér en ekki moldarblönduð lög líkt og sunnanmegin. Mölin [1392] sem grafið var niður í fyrir undirstöðunum er frekar hrein, þ.e. lítið

<sup>12</sup> Guðmundur Ingólfsson ofl. Kvosin, bls. 123.

um gripi og bein og því má telja líklegt að um fjörukambinn sjálfan sé að ræða. Hinsvegar var mun meira af minjum í malarfyllingunni [1393, 880] inni í grunninum, s.s. glerbrotum, leirkersbrotum og dýrabeinum. Ekki voru öll brot af gripum né beinum hirt heldur tekin sýni sem endurspeglar það sem þarna var að finna enda jarðvegurinn mikið blandaður og raskaður. Aðeins var hægt að rannsaka undirstöður pakkhússins [1399] því á 20. öld (óvist hvenær) var grafinn kjallari 1585] undir verslunarhúsinu [1400], þ.e. austurhluta húsalengjunnar og byggt undir húsið að nýju með holsteini en slíkir hleðslusteinir voru í notkun á Íslandi allt frá upphafi 20. aldar.<sup>13</sup>


Undirstöður pakkhússins voru reistar að hluta til á undirstöðum eldra húss [383], sjá umfjöllun um byggingarstig þrjú. Möl skildi grjóthleðslurnar að svo að greinilega var um tvær aðskildar undirstöður að ræða.



Mynd 3 Hafnarstræti 18, norður er til hægri. Mölin sem fyllti verslunarhúsagrunninn sést vel hægra megin á myndinni sem er tekin meðan á vinnu við að fjarlægja mölina stóð.

<sup>13</sup> Hörður Ágústsson, bls. 329

## Bygginga- og notkunarstig tvö



Kort 3 Hafnarstræti 18, byggingar – og notkunarstig tvö, ~1799-1867,

**Mannvirki: Pakkhús [1399], eldri kolageymsla [1397], gryfja [1338] og stétt [1325]**

Varðveisla minjanna á þessu stigi var brotakennd enda eru minjarnar grafnar í sundur af síðara byggingar – og notkunarstigi eitt. Kolageymslan [1397], sem tilheyrir þessu byggingarstigi tvö, var reist skömmu á eftir pakkhúsínu árið 1799 og stóð samtíða því. Kolageymslan sést á Reykjavíkurupprætti V. Lottin frá árinu 1836<sup>14</sup> en líkt og með flesta uppdrættina frá þessum tíma er afstaða milli húsa ekki mjög nákvæm. Undirstöðurnar voru ótilhugið grjót, líkt og í stærri húsunum [1400] og [1399] en einungis eitt umfar sást. Vel sást hvernig undirstöður hússins höfðu verið hlaðnar upp að pakkhúsundirstöðum og meðfram þeim. Gólfög [t.d. 1112 og 1136] innan í kolageymslunni voru tröðkuð malarlög, í þeim var mikil af innflutnum kolaleifum. Þessi minni kolageymsla var rifin árið 1867 þegar ný og stærri kolageymsla [1377] var byggð.

**Mynd 4 Hafnarstræti 18, undirstöður eldri kolageymslunnar voru byggðar upp að undirstöðum pakkhússins sem sjást fremst á mynd.**



<sup>14</sup> Klemens Jónsson, bls.252



Mynd 5 Hafnarstræti 18, stétt [1332]. Suður er upp

Fyrir utan eldri kolageymsluna [1397] að austanverðu er eitt umfar af grjóthleðslu [1337]. Þar að hefur safnast að ýmisskonar ruslalög, blönduð móósku,-sandi, möl og torfi [sjá 1330, 1325, 1333]. Hellustétt [1332] varðveittist uppvið grjótkant [1337] en stéttin hafði verið grafin í sundur [sjá niðurgröft 1349] að vestanverðu og því ómögulegt að segja til um hversu langt hún hefur teygt sig til vesturs. Milli kolageymslunnar og stéttarinnar var ferhynd, grunn gryfja [1338] og hola [1326].



Mynd 6 Hafnarstræti 18, Grjót og möl í gryfju [1338]


Gryfjan hafði verið fyllt með holtagrjóti af svipaðri stærð, um 10-15 cm að stærð en sjávarmöл var á milli grjótsins. Stærð gryfjunnar var 1m x 1 m að stærð og hún var 16 cm djúp. Í botni gryfjunnar voru ummerki járngejarða sem voru að fullu ryðgaðar burtu og einungis liturinn eftir í jarðveginum. Innan á brúnum gryfjunnar mátti greina leifar af múnsteini eða steinlími og er hugsanlegt að hún hafi verið lögð einskonar steypu eða múnsteinum að innan. Ekkert annað fannst sem varpað gæti ljósi á hlutverk þessarar gryfju en sennilegt er að þarna hafi staðið geymsluílát, t.d. áma eða tunna girt járngejöröum. Hola [1326] hafði verið grafin niður við suðvesturhorn gryfjunnar. Hún var 53 cm í þvermál og 18 cm djúp. Hún hafði fyllst af möl líkt og gryfjan en var án grjóts. Í botni holunnar hafi veri komið fyrir tveimur timburfjöldum upp á rönd og

á milli þeirra var um 10 cm bil. Ekki er hlutverk þessarar litlu holu vitað en sennilega hefur eitthvað verið látið hvíla ofan á þessum fjöldum. Þessi hola gæti staðið í tengslum við aðra holu [1335], svipaða að stærð, sem var austar, við norðurenda stéttar [1325]. Sú hola hafði fyllst af blönduðum jarðvegi og sandi en ekkert tré var að finna í henni.



Mynd 7 Hola [1326] með timburfjöldum meðan á uppgrefti stóð

## Bygginga- og notkunarstig þrjú



Kort 4 Hafnarstræti 18, bygginga-og notkunarstig þrjú,

### Mannvirki: Torfhús [1345], timburhús [383] og hellulagðar stéttir [1398, 1581]

Leifar húss [383] komu í ljós undir pakkhúsínu [1399] frá 1799. Það hafði aðra stefnu en pakkhúsið [1399] og sneri norður-suður en þó eru líkur á að það hafið náð lengra til austurs en sást við rannsóknina, en austurhlutinn var skemmdur vegna rasks.

Af minjum [383] var hægt að rannsaka 25 fermetra. Fyrir undirstöðum hússins hafði verið grafið niður í malarkambinn og grunnurinn fylltur með sjávarmölk. Niðurgöfturinn [1320] fyrir húsinu var afar ógreinilegur í lausri mölinni og ekki sást munur á efni sem var að finna innan grunnsins og utan og undir hleðslunum [383].

Grjótið sem notað var í undirstöður [1367, 1371, 1366, 1352, 1364] var að mestu lábarið fjörugrjót. Þetta hús var illa varðveisitt og var skemmt þegar Jacobæus lét reisa pakkhúsið [1399] árið 1799. Þannig er austurhlöin að



Mynd 8 Hafnarstræti 18, undirstöður timburhúss [383]. Norður er upp.


mestu horfin og norðurendi hússins ógreinilegur þar sem hann lenti undir undirstöðum pakkhússins. Suðurgafl þessa húss hefur lent undir undirstöðum pakkhússins og varðveisit þar sem malarlög [1147 og 900] aðskildu hleðslurnar auk þess sem stefna veggjanna var meira til vestnorðvesturs á pakkhúsgrunninum.

Sunnan megin við hús [383] var stétt [1398]. Stéttin var um 3,2 fermetrar, lögð með láborðu grjóti, þokkalega flokkuðu hvað stærð varðar en þvermál þess var í kringum 20 cm. Stéttin lá þétt að undirstöðum hússins og hefur verið lögð á undirlag úr torfi og möl [1323]. Niðurgröftur [1349] fyrir undirstöður yngri kolageymslu [1377] skar af austurhluta stéttarinnar. Samtíða stéttinni var hús [1345].

## Hús 1345

### Hafnarstræti 18

Hús 1345



Kort 5 Hafnarstræti 18, leifar torfhúss frá 18. öld

Á suðurhluta rannsóknarsvæðisins fundust leifar húss sem var byggt úr torfi og grjóti. Sá hluti hússins sem varðveittist var um 26 fermetrar. Í veggjunum [1582, 1343, 1342, 1365, 1355, 1386, 1351] var ótilhoggið holtagrjót, áberandi stærra utanvert á veggjunum en að innan. Fylling veggjanna var einkum torf en einnig uppmokstur af blönduðu efni sem í var móaska og fíngerður sandur og möl blandað torfi. Veggirnir voru byggðir ofan á, mikið blönduðu lagi [1344]

sem í voru torfusneplar, móaska og viðarkol, og virtist vera einskonar jöfnunarlag undir húsið. Stoðarholur [1372, 1373 og 1376] voru grafnar niður í þetta lag.

Húsinu var raskað við byggingu kolageymslu [1377] en skurður [1349] fyrir undirstöður hennar hafa klippt á austurhlíð þessa torfhúss og var ytri hleðsla austurveggjar [1347] auk hluta fyllingar þannig ótengt restinni af húsinu. Þá var suðurhlíðin illa farin og ummerki um að grijót hafi verið



fjarlægt úr vegg á þeirri hlið. Suðvesturhluti hússins [1583] varðveittist að hluta, sjá [1582] á korti 5. Inngangur í húsið hefur verið á suðurhlíðinni því timburþröskuldur [1584], sem hvíldi á þykki sléttri hellu kom í ljós auk stéttar [1581] sem hefur verið fyrir utan við innganginn. Ekki reyndist hægt að tengja innganginn gólflosgum inni í húsinu vegna rasks.


Niðurgröftur [1338] skar í gegnum öll lög [1362, 1351, 1339] í austurhluta hússins auk holu [1326] en nánar er fjallað um þessa niðurgrefti í kafla um byggingastig tvö. Stoðarholur [1372, 1373, 1376] og stoðarsteinar [1362] voru meðfram norðurvegg og vesturvegg. Augljósa skiptingu var að sjá á gólfí hússins, en vesturhluti þess hafði þétt, tröðkuð og kolarík gólflof [1357, 1346] en mannvistarlag í austurhluta austurhluta voru hinsvegar fremur laus í sér, með flötum stoðarsteinum meðfram norðurvegg, sem bendir til að á þeim hluta hafi verið timburgólf.

[Mynd 9 Hafnarstræti 18, kolarík gólf og stoðarholur við vesturvegg húss \[1345\]](#)



[Mynd 10 Hafnarstræti 18, vestur er upp. Kolarík gólf í \[1345\] eru efst á mynd við grjóthleðsluna en torfkenndara jöfnunarlag undir timburgólfí fremst. Þar sjást einnig niðurgreftir fyrir holu og gryfju. Vinstramegin sést hvar veggjargrjót hefur verið fjarlægt.](#)

## Bygginga – og notkunarstig fjögur , elsta stig



Kort 6 Hafnarstræti 18, elsta byggingar – og notkunarstig á lóðinni. Fyrir miðja 18. öld.


### Mannvirki: Bygging úr torfi [1395]

Undir húsi 1345 á suðurhluta rannsóknarsvæðis, fundust illa varðveittar leifar torfhúss. Yfir það hafði verið jafnað með jöfnunarlagi [1344] þegar ný bygging [1345] var reist. Þá fóru einnig niðurgreftir fyrir [1326] og [1338] gegnum þetta hús. Það sem eftir var af þessu húsi var hluti torfveggjar með grjótpúkki og til staðar var enn nyrðri grjóthleðsla veggjarins, sú er sneri inn í húsið. Torfið í veggþrotinu hafði verið strenghlæðið. Gjóskulögin í torfinu var ekki hægt að aldursgreina.<sup>15</sup> Samsíða torfhleðslunni voru litlar stoðaholur og stoðarsteinar [1374] sem höfðu stefnuna vestur-austur. Engin gólfloß voru varðveittar í þessu húsi, svo illa var það farið af síðari tíma umsvifum. Það hefur verið reist nánast beint ofan á malarkambinn, örþunnt lag af jarðvegi, einskonar yfirborð hefur verið á kambinum þegar húsið var reist. Þetta er elsta mannvirkið sem kom í ljós á rannsóknarsvæðinu.

<sup>15</sup> Magnús Á. Sigurgeirsson, tölvupóstur 12.02.2019

# Gripir

Hulda Björk Guðmundsdóttir



Úr rannsókninni eru skráðir 330 fundir undir 151 fundanúmeri, bæði gripir og dýrabein. Undir fjórum fundanúmerum er gjall, sem vegur samtals 198,00 grömm. Val á þeim fundum sem hirtir voru fór fram á vettvangi, í sumum tilfellum voru einungis tekin sýni sem endurspegluðu þá gripi sem fundust á staðnum (t.d. mórssteinabrot).

Varðveisla fundanna er mismunandi. Dýrabein eru í góðu ástandi sem og leirinn, glerið og steinninn. Málmur er fremur tærður og ryðbrunninn. Lífrænar leifar, utan dýrabeina, eru afar fáar sem bendir til lélegra varðveisluskilyrða, en það sem þó fannst var í ágætu ástandi. Forvörður verkefnisins er Jannie Amsgaard Ebsen hjá Odense Bys Museer. Um innslátt, skýrsluskrif og ljósmyndatöku gripanna sá Hulda Björk Guðmundsdóttir og hún annaðist einnig greiningu gripanna utan leirkera, það annaðist dr. Gavin Lucas.

## Bein

Dýrabein eru skráð undir 19 fundanúmerum og fundust þau í mörgum mannvistarlögum. Samtals eru þau 112 talsins og vega 316,36 grómm.

Dýrabeinin hafa ekki verið greind til tegundar en eru líklega að mestu matarleifar. Eitt dýrabeinið er unnið, fægt og gatað, HAF2019-91-028. Það fannst í áfokslagi [1327] en í því lagi fundust að auki tvö leirkeraþrot. Annað, HAF2019-91-087, er frá um 1780 - 1800 en hitt er ekki búið að aldurgreina, HAF2019-91-106.

## Textíll

Tveir textílbútar fundust og eru skráðir undir sama fundanúmeri, HAF2019-91-1316. Annar er prjónaður, sennilega ull, en hinn er ofinn. Þeir fundust báðir í malarlagi [753], innan í húsi [383], við norðurvegg.

## Skinn

Í [1333] sem tengist stétt [1325], sunnan við hús [383] fundust sex gataðir leðurbútar, sennilega allir af einum skó, HAF2019-91-068. Þá fannst einnig gataður leðurbútur HAF2019-91-0070, sennilega líka sóli, fannst í malarlagi [1147].

## Gler

Alls eru skráð 40 glerbrot undir 26 fundanúmerum; brot úr rúðum og ílátum. Ílátin eru einkum af flöskum, en hafa ekki verið greind nánar. Undir einu fundanúmeri HAF2019-91-124 eru brot sem eru mögulega úr lyfjaglassi. Rúðubrotin eru samtals sjö (4 fundanúmer) og ílásbrotin samtals 33 (22 fundanúmer). Eitt brotið er sjósorfið, HAF2019-91-041 [1344]. Undir tveimur gripanúmerum eru þrjú brot sem gætu verið úr gleri eða kristal, HAF2019-91-038 [1317] og HAF2019-91-049 [1147].



Brot: HAF2019-91-049 og HAF2019-91-038.

## Málmur

Í fundasafninu eru tíu málmgripir (tíu fundanúmer); gripir úr járni og koparblöndu,




Hnífsskaft: HAF2019-91-008.

## Járn

Járngripirnir eru fjórir; eitt hnífsskaft HAF2019-91-008 (lausafundur) og þrír naglar. Hnífurinn er illvarðveittur; tærður og ryðbrunninn.

## Koparblanda

Það fundust sex gripir úr koparblöndu; hnappar, áfesta, brot og mynt. Mynt HAF2019-91-123 fannst í malarlagi [1147] og er með ártalinu 1942. Gripur HAF2019-91-005. er afar tærður, gæti verið mynt eða hnappur, fannst í gólftegund [1357], húsi [1345]. Á honum er upphleypt brún og e.t.v. áletrun eða skraut.



Mynt: HAF2019-91-123.

## Steinar

Alls fundust sex gripir úr steini við rannsóknina, skráðir undir fimm fundanúmerum. Þar af eru þrjú brot úr þakflísum og á einu brotinu HAF2019-91-056 [lausafundur] eru leifar af steinlími. Þakflís HAF2019-91-059 er með naglagati en hún fannst í malarlagi [1322]. Sú þriðja, HAF2019-91-064, fannst í malarfyllingu [1326] í 1328. Talið er að þakskífur (helluþak) hafi í fyrsta sinn verið notaðar hér á landi við byggingu Dómkirkjunnar í Reykavík árið 1848. Heimildir eru einnig um að notaðir voru koparnaglar til að festa skífurnar þegar Dómkirkjan var byggð.

Skífur náðu talsverðum vinsældum og var notuð sem klæðning bæði á þök og veggi frameftir 19. öld<sup>16</sup> að minnsta kosti.

Í yfirborðslagi [880] fannst brot sem gæti verið úr marmara, HAF2019-91-045. Að auki fannst einn aðfluttur steinn, HAF2019-91-053 [1344].



## Plast

Blá demantsлага skrautbóla HAF2019-91-044, mögulega úr plasti. Hún fannst í malarlagi [1322], þvermál hennar er 1,19 cm. Í sama malarlagi fundust fleiri gripir og þar á meðal brot úr jarðleir HAF2019-081, aldursgreint frá 18.-19. öld, sjá umfjöllun um leirkar.

## Leir

Gavin Lucas

Það fundust 148 hlutir úr leir og eru þeir skráðir undir 63 fundanúmerum.

## Tóbakspípa

Eitt 17.-18. aldar krítarpípubrot, leggjarbrot (miðjubrot), fannst við rannsóknina, HAF2019-91-071. Á því er skreyting, þvermál: 0,96 x 0,80 cm. Það fannst húsi [1345] í torflagi [1362] ásamt nagla, múnsteinabroti og viðarbroti.



## Ílát

Aldur leirkaranna fylgja þróun þéttbýlismyndunar í Reykjavík og eru þau elstu frá 18. öld og þau yngstu frá þeirri 20. Þau eru flest af evrópskum uppruna, þá er eitt brot kínverskt postulín, HAF2019-91-092 [1361], frá um 1720-1800. Brotin eru fjölbreytt að stærð og gerð og aðallega úr steinleir, hvítleir, rauðleir og jarðleir. Flest brotin eru úr diskum og skálum

1 Guðmundur Hannesson 1943, bls. 179-180; Hörður Ágústsson 1998, bls. 115.



Leirkabrot, 17. – 18. öld: HAF2019-91-072, HAF2019-91-885 og HAF2019-91-089.

Sum leirkabrotin bera þess merki að hafa verið spengd og eru með boruðum götum. Hin viðgerðu ílátsbrot eru ýmist úr hvítleir og rauðleir, HAF19-91-102 [880], HAF19-91-103 [880], HAF19-91-85 [880], HAF19-91-080 [1322] og HAF19-91-072 [lausafundur].

Flest brotin eru úr rauðleir og eru úr diskum eða skálum m.a. sjö brot sem eru hornmáluð og eru frá 17. – 18. öld. Eitt rauðleirsbrotið, HAF2019-91-095, er af heillegum diskum, talinn frá 18.-19. öld. Hann fannst í malarlagi [1147].

Þá fundust þrjú brot úr steinleir, geymsluílat. Eitt stórt geymsluílat HAF2019-91-091 fannst í jarðvegssniði sunnan við hrn [1360]. Það er heillegt en í 30 hlutum. Ekki er búið að aldursgreina það. Ílát HAF2019-91-074 er líka úr stóru geymsluílati, frá 18. – 19. öld. Það gæti verið upprunalega frá Þýskalandi.

Það fannst í marlarlagi [900]. Það þriðja, HAF2019-91-108 [900] er þýskt, frá seinni hluta 18. aldar eða þeirri 19.

Flest leirkabrotanna eru úr hvítleir m.a. brot úr koppi eða könnu í malarlagi [1147], HAF2019-91-075, frá um 1780-1820. Flest hvítbrotin eru úr diskum eða skálum. Eitt er sjósorfið, HAF2019-91-1135 [1112].



Leirkabrot, frá um 1760 til 1800: HAF2019-91-098.



Hornmáluð leirkarabrot, 17.-18. öld: HAF2019-91-085, HAF2019-91-095 og HAF2019-91-094.

Nokkuð fannst af hvítum jarðleir; aðallega diskar og skálar en meðal þeirra er hornmálaður pottur HAF2019-91-097 sem fannst í yfirborðslagi [880], talinn frá 18. öld. Þá fannst einnig hornmálað brot úr hvítum jarðleir í malarlagi [1147], HAF2019-91-077, frá um 1850.

Nokkur brot úr rauðleir fundust víða á um svæðið, aðallega úr diskum og skálum.

## Múrsteinar

Hirt voru tólf brot úr múnsteinum, skráð eru undir níu fundanúmerum. Eru þau lýsandi fyrir þær gerðir sem sáust við uppgröftinn. Stærsta brotið er 15,46 x 11,41 x 4,37 cm. Brotin hafa ekki verið upprunagreind frekar. Að auki eru nokkur leirbrot sem gætu verið leirkarabrot eða brot úr múnsteinum.

## Byggingaefni

Sjö brot úr leir tengjast húsum eru skráð undir fjórum fundanúmerum. Brotin eru misstór, það stærsta er 14,83 x 9,12 x 13,60 cm. Gæti verið þakskifur eða þvíumlíkt, öll úr rauðleir.

## Lokaorð

Umsvif á lóðinni Hafnarstræti 18 fylgja þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld og eru mannvirkin sem fundust leifar verslunarhúss, pakkhus, kolageymslna, e.t.v. skemmur og stéttir utan við húsin.

Flest voru jarðlögin röskuð og samanstóðu af blönduðum fyllingum þar sem finna mátti gripi frá 18. – 20. aldar. Í húsi [1345] voru tvö gólfloð *in situ*. Í efta gólfinu [1346] fundust engir gripir en neðra gólfíð [1357] var þétt móóskulag og voru í því þrír gripir og dýrabein. Gripirnir eru skráðir undir þremur fundanúmerum; tærð mynt eða skífa úr koparblöndu, HAF2019-91-005, á henni virðist vera skreyting eða letur. Þá fannst í gólfinu spýta HAF2019-91-115 og brot úr rauðleir HAF2019-91-093, enn ógreint til tegundar. Dýrabeinin vega alls 45,05 g.

Gripirnir sem fundust spanna tímann frá því þéttbýlismyndun hefst í Reykjavík á 18. öld og fram til byrjun þeirrar 20. Gripirnir endurspeglar heimilishald (brot úr notuðum og viðgerðum matarílátum) auk almenn umsvif daglegs lífs. Áhugaverð eru stóru geymsluíláttin, en sjaldgæft er að finna slíka gripi í jarðfundnum minjum á Íslandi, en þau gætu tengst verslun á svæðinu. Þá fundust einnig mikið af glerflöskum og möguleg kristalsbrot eða glerbrot úr sama ílátinu, HAF2019-91-038 [1317] og HAF2019-91-049 [1147].

Líkt og önnur gripasöfn frá síðari oldum úr Reykjavík mun gerð og samsetning gripa og dýrabeina sem fundust við rannsóknina gefa innsýn í heimilishald Reykvíkinga á 18. öld og fram til byrjunar þeirrar 20. Styður umfang fundanna niðurstöður annarra rannsókna sem hafa verið gerðar í miðbæ Reykjavíkur; að efniðurinn muni er fram líða stundir verða ómetanlegur rannsóknarefniviður þegar saga Reykjavíkur verður skrifuð út frá sjónarhóli fornleifafræðinnar<sup>17</sup>.

## Heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir. 2017. *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu.*

*Fornleifaskráning. Skýrsla nr. 178. Borgarsögusafn Reykjavíkur.*

Guðmundur Hannesson. 1943. Húsagerð á Íslandi. *Iðnsaga Íslands. Fyrra bindi.* Guðmundur Finnbogason ritstj. Iðnaðarmannafélag Íslands, Reykjavík.

Guðmundur Ingólfsson, Guðný G. Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 1987. *Kvosin.*

*Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur. Torfusamtökum. Reykjavík.*

Guðrún Alda Gísladóttir. 2015. Gripir. *Í Fornleifauppgröftur í Pósthússtræti 2014.*

*Framkvæmdarannsókn. FS562-14022, bls. 22-29. Ritstjórar: Hildur Gestsdóttir, Oddgeir Isaksen og Guðrún Alda Gísladóttir. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.*

Helga M. Gylfadóttir og Guðný G. Gunnarsdóttir. 2006. *Húsakönnun. Austurstræti-*

*Pósthússtræti-Hafnarstræti-Lækjargata. Skýrsla nr. 132. Minjasafn Reykjavíkur.*

Hörður Ágústsson. 1998. *Íslensk byggingarárfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940.*

*Húsafríðunarnefnd. Reykjavík.*

Klemens Jónsson. 1929. *Saga Reykjavíkur. Fyrra bindi.* Reykjavík

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

<sup>17</sup> Sjá Guðrún Alda Gísladóttir, bls. 29.

Magnús Á. Sigurgeirsson, tölvupóstur 12.02.2019  
 Minjastofnun Íslands, Ályktanir MÍ vegna framkvæmda á lóð Hafnarstrætis 18. þann 4. janúar  
 2017 (0099/201701-0002), 18. janúar 2017 (0099/201701-0074), þann 29. nóvember  
 2017 (0099/201709-0069), þann 15. febrúar 2018 (MÍ201801-0101/6.06/0099)

## Viðaukar

### I Einingaskrá

Númer	Hópur	Lýsing
HAF19-91-300		Brúnt, silty með heyleifum
HAF19-91-323		Fyrir grunn
HAF19-91-328		Niðurgröftur fyrir grunn austast á svæði
HAF19-91-338		Niðurgröftur fyrir verslunarhúsi
HAF19-91-363		Hópnúmer fyrir grjóthleðslu í 383
HAF19-91-383		Hópnúmer fyrir hús
HAF19-91-387-552	363	ST í grjóthleðslu
HAF19-91-558	383	Hópnúmer fyrir grjóthleðslu í 383
HAF19-91-585-739	558	Steinn í hleðslu
HAF19-91-753	383	Malarfylling í grunni
HAF19-91-773-871	383	Steinn
HAF19-91-880		Yfirborðslag
HAF19-91-900		Malarlag með brúnum jarðvegi
HAF19-91-938-1107	383	Steinn, hrún úr vegg
HAF19-91-1112		Malarlag
HAF19-91-1136		Traðkað lag/linsa í 1112
HAF19-91-1147		Malarlag m/móösku, líklega sama og 900
HAF19-91-1159-	363	Hrunsteinn
HAF19-91-1285		
HAF19-91-1299		Eytt
HAF19-91-1317		Torfblandingur m/móösku/viðarkolum
HAF19-91-1318	383	Hleðsla og fylling í niðurgrefti fyrir hús 383
HAF19-91-1319		stétt
HAF19-91-1320	383	Niðurgröftur (fylltur með 131) fyrir húsi
HAF19-91-1321		Eytt
HAF19-91-1322		Malarlag m/torfi og móösku blandi
HAF19-91-1323		Jöfnunarlag með möl og torfi undir stétt
HAF19-91-1324	1377	Pakkning fyrir aftan vegg á yngsta húsi
HAF19-91-1325	1325	Lög sem tengast stétt

HAF19-91-1326	1386	Malarfylling í holu 1328
HAF19-91-1327		Áfokslag með móöskublettum
HAF19-91-1328	1386	Niðurgröftur fyrir 1326
HAF19-91-1329		Eytt
HAF19-91-1330	1325	Mulningur úr múnsteinum + lími
HAF19-91-1331	1325	Fremur lífrænt lag í kringum hellur
HAF19-91-1332	1325	Flatar hellur/sléttir steinar= stétt
HAF19-91-1333	1325	Rauðbrún mold/ stétt lögð á. Jöfnunarlag
HAF19-91-1334	1325	Sendin fylling m/lábörðu grjóti, púkk.
HAF19-91-1335	1325	Stoðarhola, niðurgröftur fyrir 1334
HAF19-91-1336	1325	Fjórir steinar í hleðslu
HAF19-91-1337	1325	Eytt
HAF19-91-1338	1385	Niðurgröftur fyrir malargrýfju
HAF19-91-1339		Torflag
HAF19-91-1340		Gróft malarkennt lag utan hleðslu
HAF19-91-1341	1397	Vesturhlið 1397
HAF19-91-1342	1347	Fylling bakvið hleðslu [1343]
HAF19-91-1343	1347	Hleðsla, snýr N V (n-endi sveigist til NV)
HAF19-91-1344		Jöfnunarlag. Malarhlutinn svipaður 1323
HAF19-91-1345		Hópnúmer fyrir torfhús hús
HAF19-91-1346	1345	Gólfлаг í [1345]
HAF19-91-1347	1347	Hópur fyrir hleðslu [1343]
HAF19-91-1348	1347	Niðurgröftur fyrir hleðslu [1343]
HAF19-91-1349	1377	Niðurgröftur fyrir [1377]
HAF19-91-1350		Móaska, nyrst
HAF19-91-1351	1345	Torflag með linsum af móösku
HAF19-91-1352		Framhald af hleðslu (S-vegg í 383)
HAF19-91-1353	1388	Móaska syðst
HAF19-91-1354		Sendið lag m/móösku
HAF19-91-1355		Hluti af N-vegg í 1345
HAF19-91-1356		Móaska neðri syðst
HAF19-91-1357	1345	Gólfлаг, þétt
HAF19-91-1358		Torflag ofan á (að hluta til ) [1358]
HAF19-91-1359		Eytt
HAF19-91-1360		Hrun
HAF19-91-1361		Hugsanlega sama og/svipað 1327
HAF19-91-1362	1345	Torf, móöskulinsur. Jöfnunarlag.
HAF19-91-1363	383	Yfirborðstarlag innan í 383, undir malarlagi 753 og neðstu steinaröð í v-vegg 383
HAF19-91-1364		V-vegghleðsla í 383, ekki hrunið
HAF19-91-1365	1345	N-veggur í húsi, innanverð hleðsla

HAF19-91-1366	383	Hleðslustúfur, N- í 383
HAF19-91-1367	383	A-veggur í 383 (SA)
HAF19-91-1368	1345	Fylling í [1369]
HAF19-91-1369	1345	Stoðarhola, niðurgröftur.
HAF19-91-1370		Eytt
HAF19-91-1371	383	Steinaröð neðst í N-vegg
HAF19-91-1372	1345	Stoðarhola
HAF19-91-1373	1345	Niðurgröftur
HAF19-91-1374	1395	Stoðarsteinar
HAF19-91-1375		Torfveggur/-hleðsla
HAF19-91-1376	1345	Stoðarhola
HAF19-91-1377		Yngsta húsið
HAF19-91-1378	1377	Grjóthleðslur
HAF19-91-1379	1380	Grjóthleðslur
HAF19-91-1380		Sameinuð verslunarhúsalengja, pakkhús 1399 og verslunarhús 1400
HAF19-91-1381	1380	Púkk bak við undirstöðuhleðslur
HAF19-91-1382		Grjóthleðsla ofan á möl (undir 1377)
HAF19-91-1383		Hópn. Fyrir stoðarholu 1368 og 1369
HAF19-91-1384		Hópn. fyrir stoðarholu 1372 og 1373
HAF19-91-1385		Hópn. Fyrir gryfju
HAF19-91-1386	1345	Fylling í vegg
HAF19-91-1387		Hópn. Fyrir stoðarholu 1326 og 1328
HAF19-91-1388		Hópn. Fyrir S-vegg í 383 (1318, 1352)
HAF19-91-1389		Hópn. Fyrir N-vegg í 383 (1371)
HAF19-91-1390		Hópn. Fyrir veggi í 1345
HAF19-91-1391		Eytt
HAF19-91-1392		Malarkambur, óhreyfður
HAF19-91-1393		Malarfylling í 1399
HAF19-91-1394		Sandur, óhreyfður undir stétt
HAF19-91-1395		Hópn. fyrir torfhús
HAF19-91-1396		Hópn. Fyrir jöfnunarlög undir 1345 (1327, 1361, 1344)
HAF19-91-1397		Hópn. fyrir eldri kolageymslu
HAF19-91-1398		Hópn. fyrir stétt (1323, 1319)
HAF19-91-1399		Pakkhus
HAF19-91-1400		Verslunarhús
HAF19-91-1401		mikið blönduð möl
HAF19-91-1581	1345	Stétt syðst á lóð
HAF19-91-1582	1345	Veggur, hluti af s-hlið 1345
HAF19-91-1583	1345	Torfkennt lag, yfirborð
HAF19-91-1584	1345	Þróskuldur

HAF19-91-1585	1400	Kjallari undir verslunarhúsínu
HAF19-91-1586	383	Niðurgröftur fyrir undirstöðum [383]

## II Sýnaskrá

Nr	Lageining	Magn	Lýsing
10	1338	1	Lífrænt í gryfju
11	1346	2	Fyrir skordýr úr heygólfi
12	1357	1	Fyrir skordýr

## III Gripaskrá

Fundur	Eining	Tegund	Efni	Lýsing	Fjöldi
HAF2019-91-0001	900	Nagli	Járn	Heill nagli (lengd: 4,13 cm) með ferningslagu haus (1,46 x 0,98 cm). Leggurinn er með ferningslagu snið og mjókkar að hvössum oddi. Hausinn hallar. Þyngd 8,63 g.	1
HAF2019-91-0002	1322	Nagli	Járn	Heill nagli (lengd: 4,14 cm) með ferningslagu haus (0,87 x 0,87 cm). Við naglan er ryðgróin steinvala. Leggurinn er með ferningslagu snið og mjókkar að hvössum oddi. Þyngd 11,24 g.	1
HAF2019-91-0003	1147	Hlutur	Koparblanda	Illa varðveittur og brotinn. Flatur, ílangur og holur að innan. Þyngd 3,67 g.	1
HAF2019-91-0004	1322	Þynna	Koparblanda	Brotin kúpt þynna (5,09 x 3,94 cm, þykkt 0,13 cm) úr koparblöndu. Á henni er virðast leifar hringlaga naglahaus (þvermál: 0,84 cm) úr koparblöndu. Þyngd 7,24 g.	1
HAF2019-91-0005	1357	Mynt?	Koparblanda	Hringlaga og flöt skífa (þvermál 2,55 cm). Mynt? Slæm varðveisla. Á skífunni er skreyting eða letur. Þyngd 7,48 g.	1
HAF2019-91-0006	1345	Hnappur?	Koparblanda	Hringlaga gripur (þvermál 1,31 cm). Varðveisla slæm. Gæti verið hnappur. Þyngd 0,51 g.	1

HAF2019-91-0007	1362	Nagli	Járn	Nagli (lengd: 3,66 cm) með hringlaga haus (þvermál: 1,45 cm). Leggurinn er með ferningslaga snið og mjókkar niður, oddurinn er brotinn af. Þyngd 3,58 g.	1
HAF2019-91-0008	1147	Hnífur	Járn	Hnífskaft (9,96 x 2,03 x 1,16 cm). Mikið ryðgað. Þyngd 64,26 g.	1
HAF2019-91-0009	Úr torflagi undir 1581	Hnappur?	Koparblanda	Rúnnaður gripur (þvermál 1,80 cm). Hnappur? Varðveisla slæm. Þyngd 2,85 g.	1
HAF2019-91-0010	Lausafu ndur	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 6,90 g.	2
HAF2019-91-0011	Lausafu ndur	Skel	Skel	Skeljar og skeljabrot, þyngd 70,95 g.	3
HAF2019-91-0012	753	Skel	Skel	Skeljabrot, þyngd 7,83 g.	3
HAF2019-91-0013	753	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 49,55 g.	35
HAF2019-91-0014	753	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 5,63 g.	5
HAF2019-91-0015	753	Fjöður	Fjöður	Örsmá fjöður, ógreind til tegundar.	1
HAF2019-91-0016	900	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 14,58 g.	1
HAF2019-91-0017	1147	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 2,01 g.	1
HAF2019-91-0018	1317	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 1,60 g.	1
HAF2019-91-0019	1317	Skel	Skel	Skeljabrot, þyngd 1,24 g.	1
HAF2019-91-0020	1317	Dýrabein	Bein	Dýrabein, á einu er far eftir verkfæri. Þyngd 39,98 g.	17
HAF2019-91-0021	1323	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 24,71 g.	1
HAF2019-91-0022	1344	Dýrabein	Bein	Dýrabein og litlar beinflísar, þyngd 79,12 g.	7
HAF2019-91-0023	1319	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 21,54 g.	1
HAF2019-91-0024	1354	Dýrabein	Bein	Dýrabein, skurðarfari, þyngd 32,38 g.	1
HAF2019-91-0025	1322	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 1,07 g.	2
HAF2019-91-0026	1322	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 9,17 g.	1

HAF2019-91-0027	1326	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 18,92 g.	3
HAF2019-91-0028	1327	Dýrabein/gripur	Bein	Ílangt bein með boruðum götum á sitthvorum endanum. Beinið er fægt og nokkuð slitið. Þyngd 18,35 g .	1
HAF2019-91-0029	1147	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 2,96 g.	1
HAF2019-91-0030	1357	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 36,45 g.	11
HAF2019-91-0031	1357	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 8,59 g.	4
HAF2019-91-0032	1361	Dýrabein	Bein	Dýrabein, þyngd 40,32 g.	17
HAF2019-91-0033	Lausafu ndur	Flaska	Gler	Flöskustútur. Þyngd 14,34 g	1
HAF2019-91-0034	Lausafu ndur	Flaska	Gler	Flöskubotnar. Þyngd 119,44 g.	2
HAF2019-91-0035	900	Flaska	Gler	Flöskubotnar. Þyngd 66,29 g.	2
HAF2019-91-0036	1147	Flaska	Gler	Flöskustútur í þremur hlutum. Þyngd 40,32 g.	3
HAF2019-91-0037	1317	Gripur	Gler	Glerbrot, þyngd 0,49 g.	1
HAF2019-91-0038	1317	Ílát	Gler?	Glær brot úr íláti. Brotin passa við brot HAF2019-91-049 [1147]. Þyngd 19,16 g.	2
HAF2019-91-0039	1323	Flaska	Gler	Flöskustútur. Þyngd 53,28 g.	1
HAF2019-91-0040	1326	Flaska	Gler	Flöskubotnar. Þyngd 59,25 g.	2
HAF2019-91-0041	1344	Ílát	Gler	Glerbrot úr ílátum. Annað er sjósorfið. Þyngd 4,11 g.	2
HAF2019-91-0042	1147	Flaska	Gler	Flöskubrot. Þyngd 17,64 g.	1
HAF2019-91-0043	1360	Flaska	Gler	Flöskubotn. Þyngd 38,87 g.	1
HAF2019-91-0044	1322	Skrautból a	Plast?	Kóngablá skrautbóla (þvermál 1,19 cm), demantslaga. Hæð 0,65 cm. Þyngd 1,17 g.	1
HAF2019-91-0045	880	Brot	Steinn	Brot með sléttu hlið (slípaða). Marmari? Samtals þyngd 27,13 g.	2
HAF2019-91-0046	880	Flaska	Gler	Flöskubrot. Ekki brot úr sömu flöskunni. Þyngd 39,16 g.	2
HAF2019-91-0047	880	Rúðugler brot	Gler	Rúðuglerbrot, líklegast úr sama glerinu. Þyngd 17,89 g.	2

HAF2019-91-0048	900	Ílát	Gler	Kúpt glerbrot úr íláti. Þyngd 3,56 g.	1
HAF2019-91-0049	1147	Ílát	Gler?	Fótur af glæru íláti, brotið passar við brot HAF2019-91-038 [1317]. Þyngd 44,76 g.	1
HAF2019-91-0050	Lausafu ndur	Flaska	Gler	Flöskustútar, þyngd 137,15 g.	2
HAF2019-91-0051	1317	Rúðugler brot	Gler	Rúðuglerbrot, þyngd 0,51 g.	1
HAF2019-91-0052	1317	Ílát	Gler	Brot úr íláti, þyngd 1,93 g.	1
HAF2019-91-0053	1344	Aðfluttur steinn	Steinn	Aðfluttur steinn (4,39 x 2,58 x 1,93 cm), þyngd 21,94 g.	1
HAF2019-91-0054	1344	Kol	Kol	Kol (5,04 x 3,63 x 2,77 cm), þyngd 48,43 g.	1
HAF2019-91-0055	753	Múrstein n	Leir	Múrsteinabrot, þyngd 123,77 g.	1
HAF2019-91-0056	Lausafu ndur	Þakflís	Steinn	Brot úr þakflís, skífur (slate). Á henni eru leifar af lími. Þyngd 110,29 g.	1
HAF2019-91-0057	1147	Byggingar efni	Leir	Þakflís (tvö brot)? Samskonar brot og HAF2019-91-062 og HAF2019-91-065. Þyngd 213,32 g.	2
HAF2019-91-0058	1317	Leirbrot	Rauðleir	Leirbrot. Ílát og múrsteinabrot. Þyngd 4,98 g.	2
HAF2019-91-0059	1322	Þakflís	Steinn	Brot úr þakflís, skífur (slate). Á henni er naglagat (þvermál 0,47 cm) með ryð í kring, eftir járnnaagla. Þyngd 15,42 g.	1
HAF2019-91-0060	1323	Byggingar efni	Leir	Þakflís? Tvö dökkapelsíngul brot. Samtals þyngd 84,52 g. A) 6,84 x 4,84 x 2,84 cm. Þyngd 75,31 g. Ávalar hliðar. Tveir sléttir fletir. B) Stærð 2,42 x 5,05 x 1,05 cm. Flís, ávöl hlið (brún?). Þyngd 9,19 g.	2
HAF2019-91-0061	1326	Múrstein n	Leir	Múrsteinabrot, þyngd 144,23 g.	1
HAF2019-91-0062	1340	Byggingar efni	Leir	Sveigð þakflís? Samskonar og HAF2019-91-065 og HAF2019-91-057. Þyngd 211,58 g.	1
HAF2019-91-0063	1354	Múrstein n	Leir	Múrsteinabrot, þyngd 289,05 g.	2
HAF2019-91-0064	1326	Þakflís	Steinn	Brot úr þakflís, úr skífur (slate). Þyngd 2,64 cm.	1

HAF2019-91-0065	1354	Byggingar efni	Leir	Þakefni (tvö brot)? Þyngd 137,04 g. Samskonar brot og HAF2019-91-062 og HAF2019-91-057. Þyngd 371,27 g. A) Með brún. B) Brunafar.	2
HAF2019-91-0066	1362	Múrstein n	Leir	Múrsteinabrot, þyngd 1090,00 g.	1
HAF2019-91-0067	1375	Múrstein n	Leir	Múrsteinabrot, þyngd 1350,00 g.	1
